

Mál nr. 418/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Sveitarfélag.

Gögn.

1. Málskot móttakið 14. desember 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 27. desember 2022.

Málsatvik.

Af gögnum málsins má ráða að M hafi tilkynnt um tjón á bifreið sinni með tjónstilkynningu hinn 8. febrúar 2022 þegar gámur, sem stóð á bifreiðaplani hafi fokið í miklu verði og hafnað á bifreiðinni. Í gögnum málsins er ljósmynd sem ætla má að sýni staðsetningu gámsins á bifreiðaplani þar sem eru stöðureitir fyrir bifreiðar við hlið gámsins.

M telur X bera skaðabótaábyrgð á tjóni sínu og vísar til þess að vindhviður hafi mælst allt að 39,8 m/sek þegar gámur á vegum X fauk á bifreið hans og að frágangur gámsins með tilliti til veðurspár hafi ekki verið fullnægjandi. M telur ekki ljóst hvort stöðuleyfi hafi verið fyrir gáminn og ef svo væri þá hefði verið farið gegn reglum um stöðuleyfi þar sem þar segi skýr að lausafjármuni skuli staðsetja svo ekki stafi hætta af og það hafi ekki verið gert í greint sinn.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur að skilyrði 2. gr. vátryggingarskilmála um gildissvið ábyrgðartryggingar séu ekki uppfyllt þar sem tjón M verði ekki rakið til skaðabótaábyrgðar X. V bendir á að gámurinn sem fauk sé úr þykku stáli og þar af leiðandi mjög þungur og alla jafna geymdir utandyrar. Ekkert hafi bent til þess að sérstök hætta hafi stafað af staðsetningu gámsins og tjón M sé rakið til óhappatilviks þar sem óvenju sterkar vindhviður hafi verið þegar verst lét í veðri.

Álit.

Ágreiningur um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X hjá V hverfist um hvort X beri skaðabótaábyrgð á því að gámur á þess vegum fauk af stað og á bifreið M með tilheyrandi tjóni. Ekki verður séð af gögnum málsins að slík atvik hefðu áður komið til eða að frágangur gámsins hafi verið að nokkur leyti í ósamræmi við skráðar reglur. Ekki verður heldur ráðið af gögnum málsins að starfsmönnum X hafi mátt vera ljóst að hætta væri á að gámurinn fyki í greint sinn vegna veðurútlits. Sá sem telur annan bera skaðabótaábyrgð á tjóni sínu ber sönnunarbyrði um að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu uppfyllt og ber því hallann af sönnunarskorti og verður M að bera slíkan halla og á því ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 14. febrúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir